



Reykjavík, 9. nóvember 2023  
SN150532

## Umhverfis- og skipulagssvið

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 9.nóvember 2023 varðandi eftirfarandi mál:

### **USK - Hverfisskipulag, Hlíðar 3.3 Öskjuhlíðarhverfi - til afgreiðslu**

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 2. nóvember 2023, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 1. nóvember 2023, um auglýsingu á tillögu að hverfisskipulagi Hlíða, hverfi 3.3, Öskjuhlíðarhverfi, ásamt fylgiskjölum. Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Ævar Harðarson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Lagðar eru fram tillögur að nýju hverfisskipulagi Hlíða, hverfi 3.1, Háteigshverfi, 3.2 Hlíðahverfi og 3.3 Öskjuhlíðahverfi. Stefnt er að því að ljúka við gerð hverfisskipulags fyrir öll hverfi borgarinnar. Tillögurnar eru svipaðar í grunninn fyrir öll hverfin að því leyti að gert er ráð fyrir að fólk geti gert breytingar á eigin húsnæði án þess að fara í gegnum tímafrekan feril. Mikilvægt er einmitt að ferilliinn sé skilvirkur og hraður. Fulltrúa Flokks fólksins líst vel á margt í þessum tillögum og sýnist sem reyna eigi að hafa gott og þétt samstarf við íbúa í gegnum íbúafundi og samtal, maður á mann. Þar sem um er að ræða aukið byggingarmagn að einhverju marki er samráð sérstaklega mikilvægt við þá sem næst búa t.d. ef bæta á við hæðum.

Helga Björk Laxdal  
e.u.